

Við framkvæmd laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, hefur komið upp álitaefni sem varðar tiltekna flokka skuldabréfa, útgefna í íslenskum krónum með ábyrgð íslenska ríkisins, sem eru eignarskráðir hjá erlendum verðbréfamiðstöðvum.

Samkvæmt c-lið 1. tölul. 2. gr. laganna teljast til aflandskrónueigna skuldabréf og víxlar, útgefnir af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð íslenska ríkisins, í íslenskum krónum, í eigu eða vörslu erlendra lögaðila, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, útibúa þeirra og dótturfélaga í þeirra eigu, eða annarra erlendra stofnanafjárfesta sem fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðila sem fást við verðbréfun eða önnur fjármögnunarviðskipti. Það nægir því að annað hvort skráður eigandi eða vörsluaðili eignarinnar falli undir skilgreiningu ákvæðisins en vörsluaðilar eru oft á tíðum jafnframt skráðir eigendur verðbréfanna. Ljóst er að vörsluhugtak ákvæðisins nær til þeirra aðila sem gegna hlutverki vörsluaðila umræddra fjármuna í hefðbundnum skilningi en í tengslum við túlkun ákvæðisins hefur komið upp álitaefni sem varðar vörslupátt verðbréfamiðstöðva og hvernig sá þáttur fellur að vörsluhugtaki ákvæðisins. Eitt af hlutverkum verðbréfamiðstöðva við eignarskráningu verðbréfa er að taka að sér vörslu þeirra og er slíkur vörslupáttur órjúfanlegur hluti af því að annast eignarskráningu verðbréfa.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna sker Seðlabankinn úr ágreiningi og hefur ákvörðunarvald að öðru leyti um framkvæmd laganna. Þá segir í 2. málslíð ákvæðisins að ákvörðun Seðlabankans sé endanleg á stjórnsýslustigi og að málskot til dómstóla fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Með vísan til 7. gr. er það túlkun Seðlabanka Íslands að vörslupáttur erlendra verðbréfamiðstöðva falli ekki undir vörsluhugtak c-liðar 1. tölul. 2. gr. laganna, enda telst slík varsla vera órjúfanlegur hluti af því að annast eignarskráningu verðbréfa. Með hliðsjón af þessu teljast skuldabréf ekki til aflandskrónueigna skv. c-lið 1. tölul. 2. gr. laganna eingöngu á þeim grundvelli að þau eru eignarskráð hjá erlendra verðbréfamiðstöð en þó kunna vörsluaðilar eða skráðir eigendur að falla undir skilgreiningu a-liðar ákvæðisins.

Í þessu felst að ákvæði laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, og reglur settar á grundvelli þeirra, takmarka ekki með neinum hætti greiðslur í tengslum við skuldabréf, útgefin í íslenskum krónum, frá erlendum verðbréfamiðstöðvum til annarra erlendra verðbréfamiðstöðva og til innlendra vörsluaðila. Hinir innlendu vörsluaðilar bera þó ábyrgð á því að takmörkunum laga nr. 37/2016 sé framfylgt. Þannig er erlendum verðbréfamiðstöðvum áfram heimilt að ráðstafa greiðslum í íslenskum krónum, í tengslum við skuldabréf sem eru eignarskráð hjá þeim, til annarra erlendra verðbréfamiðstöðva eða innlendra vörsluaðila, með sama hætti og fyrir gildistöku laganna enda eru slíkar greiðslur ekki takmarkaðar af ákvæðum laganna.

Framangreint á við eftirfarandi aðila:

*Erlendar verðbréfamiðstöðvar:* Clearstream Banking S.A., Euroclear SA/NV

*Innlendir vörsluaðilar:* Landsbankinn hf., Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Kvika banki hf.